26. apríl 1986 laugardagur
93. tölublað 51. árgangur

ÞJÓÐVILJINN

MENNING
SUNNUDAGSBLAÐ

Borgarmötuneyti

Allt að 80% hækkun

Matarmiðar í mötuneyti borgarinnar við Skúlatún hækkaðir um allt að 80%. Engar skýringar. Haraldur Hannesson: Munum óska eftir skýringum. Leggjum áherslu á að verðlagi verði haldið í skefjum

Þessari hækkun var skellt á alveg óforvarindis og okkur þykir þetta auðvitað óeðlilegt á sama tíma og talað er um að halda eigi verðlagi í skefjum, sagði starfsmaður á Vélamiðstöð Reykjavíkurborgar í samtali við Þjóðviljann í gær, en matarmiðar í mötuneyti borgarinnar við Skúlatún hafa verið hækkaðir um allt að 80%, án þess að nokkrar skýringar hafi verið gefnar á hækkuninni að sögn starfsmanna.

Starfsmenn Vélamiðstöðvarinnar og fleiri starfsmenn borgarinnar borða hádegismat í þessu mötuneyti. Á mánudaginn var hækkuðu matarmiðar talsvert. Þannig kostar kjötmáltíð með súpu nú 180 krónur en kostaði áður 100 krónur, sem var staðlað verð allra máltíða fyrir hækkun. Eftir hækkun kostar fiskréttur með súpu 120 krónur. Hægt er að fá einungis súpu og eina brauðsneið með smjöri á 60 krónur, en ef keyptur er aðalréttur fæst ekkert brauð, segja starfsmenn.

„Við munum óska skýringa á þessu, þeir þurfa að færa fyrir því gild rök að þessi hækkun sé réttlætanleg. Það er beinlínis hluti af síðustu kjarasamningum og við leggjum auðvitað á það mikla áherslu að verðlagi verið haldið í skefjum," sagði **Haraldur Hannesson** formaður Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar og formaður Verðgæslunefndar BSRB þegar Þjóðviljinn bar þetta undir hann í gær.

Til samanburðar má geta þess að matarmiðar í mötuneyti borgarinnar í Austurstræti kosta 85 krónur og í öðrum mötuneytum borgarinnar er verðið svipað, sums staðar lægra, sums staðar hærra. Mötuneytið við Skúlatún var því í hærri kantinum fyrir hækkun.

Haraldur sagði í gær að samkvæmt samningum hefðu fulltrúar starfsmanna rétt á að skoða reikninga mötuneytisins og sá réttur yrði líklega nýttur í þessu tilviki.

–gg



Salvör Nordal með eitt Picassomálverkið: „Þetta verður mikil og falleg sýning". (Mynd Sig.)

Málverk Picassos

Valin sérstaklega fyrir Listahátíð

55 málverk og teikningar. Lögregluvarsla allan sólarhringinn. Nokkrar myndanna aldrei verið sýndar áður opinberlega

Nú eru myndirnar komnar hingað til lands og komnar í skothelda geymslu þar til sýningin verður sett upp en hún opnar 31. maí, sagði Salvör Nordal framkvæmdastjóri Listahátíðar er Þjóðviljinn forvitnaðist um Picassomálverkin sem verða sýnd hér á Kjarvalsstöðum í vor. „Þetta eru 55 myndir í allt, aðallega málverk en nokkrar blýantsteikningar eru með líka. Elsta myndin er frá 1920 og þær yngstu frá 1971 og 72. Meðal þessara mynda eru 23 myndir sem voru á sýningu í Avignon 1973 og var stolið þaðan. Það var mikið mál þá eins og geta má nærri en svo fundust þær aftur en hafa ekki verið sýndar síðan fyrr en núna".

Sýningin verður í austursal Kjarvalsstaða og Jacqueline Picasso ekkja málarans mun koma hingað til lands og stjórna uppsetningu sýningarinnar. Ríkið sér alfarið um tryggingamálin sagði Salvör enda eru þessi málverk milljarðaverðmæti. Stöðug varsla verður á sýningunni, bæði dag og nótt og sagðist Salvör gera ráð fyrir að lögreglan tæki hana að sér.

Aðspurð hvernig það hefði komið til að þessar myndir kæmu hingað á listahátíð sagði Salvör það hafa verið í gegnum Erro. „Þau sátu saman ásamt einum vini sínum og voru að drekka morgunkaffi og tala um sýningar á Picassoverkum og Erro sagði „Af hverju ekki á Íslandi?" „Já, af hverju ekki?" mun frúin hafa svarað og þar með fór boltinn að rúlla".

„Þetta eru allt myndir úr einkasafni frúarinnar, nokkuð margar þekktar myndir eru þarna með, – allflestar hafa myndirnar verið sýndar áður en þó eru málverk þarna sem hafa ekki farið áður á sýningar." Salvör sagðist auðvitað vera stressuð yfir að vera með þetta í höndunum en hún hefði verið mikið fegin þegar flugvélin var lent með allt heilt innanborðs. Myndirnar komu beint úr safni frú Picasso og fara beint þangað aftur. „Þær eru valdar sérstaklega fyrir þessa sýningu" sagði Salvör að lokum.

Ing.

Holland

Ruddalegir leigubílstjórar

Haag – **Hollenskir bílstjórar hafa nú verið skikkaðir til að taka próf í almennri kurteisi og góðum siðum.**

Þeir munu vera annálaðir fyrir ruddaskap gagnvart viðskiptavinum, eftir því sem segir í skýrslum hollenskra neytendasamtaka. Eiga þeir að gangast undir sérstakt próf sem mælir „eðlisþætti samskiptaforma þeirra", eins og segir í tilkynningu Hins konunglega hollenska flutningasambands.

Arnarflug

Helgi með 46 þúsund kr. útsvar

Helgi Þór Jónsson, sem snaraði út 3 miljónum króna til að staðgreiða hlutabréf Flugleiða í Arnarflugi, – var með 46 þúsund krónur röskar í útsvar og aðstöðugjald á sl. ári.

Sjá bls. 5

Innflutningur

Útlendu grænmeti pakkað

Davíð Scheving hefur hafið innflutning á 11 tegundum af frystu grænmeti frá Danmörku og hefur komið hér upp fullkominni pökkunarstöð. Óskar Þormóðsson hjá Sól h.f. sagði að þetta hefði byrjað um síðustu jól með innflutningi á jarðarberjum en nú væru tegundirnar orðnar 11.

Niels Marteinsson hjá Sölufélagi garðyrkjumanna sagðist aðspurður ekki hafa trú á því að þessi innflutningur drægi neitt úr sölu innlends grænmetis vegna þess að fólk tekur alltaf ferskt grænmeti framyfir frosið. Aftur á móti væri gott að hafa á boðsólum frosið grænmeti þegar ferskt er ekki til.

–S.dór

Grásleppuhrogn

Umtalsverð hækkun

Verðhækkunin nemur 13% í gjaldeyri en vegna hækkunar þýska markssins er hækkunin enn meiri.

Umtalsverð verðhækkun hefur orðið á grásleppuhrognum frá því í fyrra. Í fyrra fengust 925 v-þ mörk fyrir 105 kg. tunnu en nú fást 1050 mörk fyrir sama magn. Þetta segir þó ekki alla söguna, því að vegna hækkunar á þýska markinu er hækkunin hér innanlands raunar mun meiri. Í fyrra fengu menn 12-13 þúsund krónur fyrir tunnuna en í ár 17 þúsund krónur.

Alfreð Þórsson hjá Steinavör, sem er stór útflutningsaðili grásleppuhrogna, sagði að fyrir norðan væru grásleppuveiðar hafnar fyrir all nokkru og hefðu gengið sæmilega. Hér syðra og fyrir Vesturlandi væru veiðarnar rétt að hefjast.

Verð á grásleppuhrognum frá sjómönnum til verkenda er frjálst og liggur á bilinu 75-113 krónur fyrir kílóið. Sumir grásleppukarlarnir verka hrognin sjálfir en aðrir veiða bara og selja til verkenda.

Skortur er nú á hrognum og mikið spurst fyrir um grásleppuhrogn nú.

–S.dór